

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 1. október
2009707SA GB/bg/em
Málalykill: 00.64

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 19. september sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreind drög að frumvarpi. Með frumvarpinu er ætlunin að fylgja eftir hluta þeirra tillagna sem fram koma í skýrslu starfshóps um drykkjarvöruumbúðir frá júlí 2018 auk þess sem lagðar eru til nauðsynlegar breytingar á skilagjaldi og umsýslubóknun. Meðal nýmæla er að markmiðsákvæði sé bætt við lögin, að skilakerfið nái til fleiri aðila en verið hefur og heimild ráðherra til að setja ákvæði um söfnunarmarkmið og stærð umbúa í reglugerð.

Í 2. gr. kemur fram að setja eigi ákvæði er felur í sér að hluthöfum Endurvinnslunnar hf. sé eingöngu heimilt að úthluta hóflegum arði af því hlutafé sem þeir hafa lagt fram í félagið, sbr. viðmið um meðalinnlánsvexti fjármálastofnana. Sambandið styður slíkt ákvæði enda er hlutverk skilakerfa ekki að skila hagnaði til eigenda félagsins heldur að tryggja framfylgd framleiðendaábyrgðar, í þessu tilfalli, framleiðendaábyrgð á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.


Mjög ánægjulegt er einnig að sjá að sú krafa er sett á félagið að stuðla að því að umbúðir fari til undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs.

Sambandið hvetur þó ráðuneytið til að taka til skoðunar hvort ekki sé tilefni til að hækka skilagjald meira en lagt er til svo hægt sé að standa undir þeim breytingum er Endurvinnslan hf. þarf að fara í á næstu misserum m.a. vegna breytinga á meðhöndlun úrgangs sem og annarra ytri aðstæðna í rekstrarumhverfi félagsins. Sérstaklega skal bent á að síðan 2012 hafa verið í gildi markmið um 60% endurvinnslu glerumbúða, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 562/2005 um breytingu á reglugerð nr. 609/1996 með síðari breytingum, um meðferð umbúða og umbúðaúrgang. Samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins um Hringrásarhagkerfi, sem að líkindum verða teknar upp í EES-samninginn og innleiddar í íslenskan rétt, hækkar markmiðið í 70% árið 2025. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun hefur engin endurvinnsla verið á þessum úrgangsstraumi hingað til. Ólíklegt er að einnar krónu aukning á umsýslubóknun á glerumbúðir, eins og lagt er til í frumvarpsdrögum, skapi nægjanlega hagræna

hvata til að bæta umgjörð endurvinnslu glerumbúða. Ganga þarf úr skugga um að hækkun gjaldsins nægi til að beina þessum umbúðum til endurvinnslu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs